

Fimmtugasti og áttundi fundur Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis var haldinn þann 29. október 2020 í fjarfundi. Fundurinn hófst kl: 17:00.

Mættir: Hannes Tryggvi Hafstein, Magnús Rúnar Dalberg, Sigríður Klara Árnadóttir, Valborg Anna Ólafsdóttir, Linda Björk Ragnarsdóttir, Arna Hagalínsdóttir og Árni Davíðsson sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Umsóknir um starfsleyfi og önnur leyfi.

- a) Þorfinnur S. Andreasen f.h. Heilsuefning Mosfellsbæjar ehf. sækir um endurnýjun starfsleyfis fyrir rekstri sjúkraþjálfunar að Urðarholti 4 í Mosfellsbæ.
Heilbrigðiseftirlitið gaf út starfsleyfi fyrir fyrirtækið þann 21. október 2020 með gildistíma til 12 ára.
„Staðfest.“
- b) Stefán Emil Jóhannsson f.h. Stjarnan ehf. sækir um endurnýjun starfsleyfis fyrir rekstri á Subway skyndibitastað með samlokum að Háholti 11, í Mosfellsbæ.
Heilbrigðiseftirlitið gaf út starfsleyfi fyrir fyrirtækið þann 21. október 2020 með gildistíma til 12 ára.
„Staðfest.“
- c) Ása Guðrún Guðmundsdóttir sækir um nýtt starfsleyfi fyrir innflutningi á forpökkuðum matvælum til endursölu að Markholti 4, í Mosfellsbæ.
„Starfsleyfi er samþykkt með gildistíma til 12 ára.“
- d) Ellert Jónsson f.h. Steingarður ehf. sækir um starfsleyfi vegna flutnings í nýtt húsnæði fyrir verkstæði til viðgerða á eigin vélum og tækjum að Bugðuflyjóti 11, í Mosfellsbæ. Starfsleyfi er með almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir starfsemi sem valdið getur mengun sbr. auglýsingu nr.582/2000. Starfsleyfið fór í auglýsingu 9. október og er frestur til að gera athugasemdir til 6. nóvember 2020.
„Framkvæmdastjóri skal gefa út starfsleyfi ef engar athugasemdir berast, að loknum auglýsingatíma með gildistíma til 12 ára.“
- e) Sigurður Hansen f.h. Landsblikk ehf. sækir um starfsleyfi vegna flutnings í nýtt húsnæði fyrir blikksmiðju að Bugðuflyjóti 11, í Mosfellsbæ. Starfsleyfi er með starfsleyfisskilyrðum fyrir málmsemiðjur. Starfsleyfið fór í auglýsingu 20. október og er frestur til að gera athugasemdir til 18. nóvember 2020.
„Framkvæmdastjóri skal gefa út starfsleyfi ef engar athugasemdir berast, að loknum auglýsingatíma með gildistíma til 12 ára.“
- f) Bjarni Ásgeirsson f.h. Mosfellsbæjar sækir um starfsleyfi vegna endurnýjunar leyfis fyrir áhaldahúsi og þjónustustöð að Völuteigi 6, í Mosfellsbæ. Starfsleyfi er með almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir starfsemi sem valdið getur mengun sbr. auglýsingu nr.582/2000. Starfsleyfið fór í auglýsingu 20. október og er frestur til að gera athugasemdir til 18. nóvember 2020.
„Framkvæmdastjóri skal gefa út starfsleyfi ef engar athugasemdir berast, að loknum auglýsingatíma með gildistíma til 12 ára.“
- g) Edvard Ágúst Ernstsson f.h. Bílaverkstæði Edda K. ehf sækir um starfsleyfi fyrir bílaverkstæði að Desjamýri 1, í Mosfellsbæ. Starfsleyfi er með almennum

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

starfsleyfisskilyrðum fyrir starfsemi sem valdið getur mengun sbr. auglýsingu nr.582/2000. Starfsleyfið fór í auglýsingu 20. október og er frestur til að gera athugasemdir til 18. nóvember 2020.

„*Framkvæmdastjóri skal gefa út starfsleyfi ef engar athugasemdir berast, að loknum auglýsingatíma með gildistíma til 12 ára.*“

- h) Jón Aldar Samúelsson f.h. Lucky Luke ehf. sækir um starfsleyfi vegna eigandaskipta fyrir rekstri söluturns með tóbak og forpökkuð matvæli að Þverholti 2 í Mosfellsbæ.

„*Starfsleyfi er samþykkt með gildistíma til 12 ára.*“

- i) Jón Aldar Samúelsson f.h. Lucky Luke ehf. sækir um leyfi til tóbakssölu samkvæmt tóbaksvarnarlögum að Þverholti 2 í Mosfellsbæ.

„*Leyfið er samþykkt með gildistíma til 4 ára samkvæmt tóbaksvarnarlögum.*“

2. Leirvogstungumelar.

Á síðasta fundi heilbrigðisnefndar féllst hún á að lengja lokafrest til 31. október til að fjarlægja alla muni og allan úrgang af svæðum 1, 2, 3 og 4. Óheimilt er að safna eða geyma bíla, brotajárn, úrgang eða annað sem óprýði er af á svæðinu. Vaka ætlaði að hreinsa svæðið fyrir þennan frest.

„*Framkvæmdastjóra er falið að hefja þvingunarferil gagnvart fyrirtækinu samkvæmt XVII. kafla laga um hollustuhætti og mengunarvarnir ef ekki verður búið að fjarlægja allan úrgang af svæðinu 1. nóvember.*“

3. Umsókn um starfsleyfi fyrir geymslu sleðahunda Egilsmóum 12.

Á síðasta fundi Heilbrigðisnefndar var það mat hennar að hundarnir yrðu að fara frá Egilsmóum 12 eins skjótt og verða má vegna ónæðis sem þeir valda nágrönnum vegna hávaða. Lokafrestur var gefin til 31. október til að fjarlægja hundana. Fram hefur komið í samtölum við forsvarsmenn að það muni að öllum líkindum ekki nást að fjarlægja hundana fyrir 31. október, þótt þau hafi unnið bæði að því að finna framtíðarlausn og tímabundna lausn til að geta flutt hundana burt.

„*Framkvæmdastjóra er falið að hefja þvingunarferil gagnvart fyrirtækinu samkvæmt XVII. kafla laga um hollustuhætti og mengunarvarnir ef hundarnir verða ekki farnir 1. nóvember.*“

4. Fráveita á Seltjarnarnesi.

Lögð er fram tímasett fráveituáætlun fyrir Seltjarnarnes dagsett 23. október 2020.

5. Fjárhagsáætlun 2021.

Drög að fjárhagsáætlun 2021 lögð fram.

„*Samþykkt.*“

6. Önnur mál.

- a) Áhrif frá malbikunarstöð/stöðvum á Esjumelum á nærliggjandi umhverfi. Málið rætt.

Fundi slitið kl. 19:30.